



SAMSTARFSNEFND EVRÓPSKRA EFTIRLITSAÐILA Á VERÐBRÉFAMARKAÐI



# Upplýsingarit um MiFID fyrir neytendur

## Að fjárfesta í fjármálaafurðum

Ágúst 2008

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



# Efnisyfirlit

**Hvað er MiFID-tilskipunin og hvaða áhrif hefur hún á þig? .....** 3

**Fyrsti hluti: Áður en fjárfesting fer fram.....** 5

1.1 Hvers konar fjárfestir ert þú? .....

1.2 Hvaða þjónustu færðu? .....

1.3 Hvaða upplýsingar færðu áður en fjárfesting fer fram? .....

**Annar hluti: Á meðan og eftir að fjárfesting fer fram .....** 10

2.1 Hvað gerist þegar þú gefur fyrirtæki fyrirmæli? .....

2.2 Hvaða upplýsingar færðu á meðan og eftir að fjárfesting fer fram? .....

**Priðji hluti: Viðvarandi kröfur .....** 11

3.1 Hagsmunaárekstrar .....

3.2 Vernd á fjármunum þínum og peningum .....

3.3 Kvartanir viðskiptavina .....

**Að lokum .....** 11

## Hvað er MiFID-tilskipunin og hvaða áhrif hefur hún á þig?

Upplýsingarit þetta er ætlað þeim sem hafa fjárfest eða hafa í hyggju að fjárfesta í fjármálaafurðum. Það veitir grundvallarupplýsingar um tilskipun Evrópusambandsins um markaði með fjármálagerninga (Markets in Financial Instruments Directive eða MiFID) og hvaða áhrif hún hefur á viðskipti þín við fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu í Evrópu.

Hugleiddu hvaða fjármálaafurðir þú átt. Að öllum líkindum ertu með einn eða fleiri bankareikninga, húsnæðislán, debet- og kreditkort og greiðir í lífeyrissjóð. Hugsanlega áttu einhver hlutabréf og hlutdeildarskírteini í sjóðum. MiFID-tilskipunin tekur einungis til sumra af þessum afurðum, t.d. hlutabréfa, skuldabréfa, afleiðna og hlutdeildarskírteina. Hún tekur ekki til innstæðna, lána eða trygginga. Undir hana fellur hins vegar þjónusta á borð við eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og kaup og/eða sölu á fjármálaafurðum.



Eitt meginmarkmiða tilskipunarinnar er að samræma reglur um fjárfestavernd í Evrópu. Fjárfestavernd er mismikil eftir því að hvaða marki fjárfestirinn reidir sig á sjálfan sig annars vegar og á fjármálafyrirtækið sem veitir honum fjárfestingarþjónustuna hins vegar. Hafir þú til dæmis litla þekkingu og reynslu af viðskiptum með fjármálagerninga og biður fyrirtæki um að veita þér ráðgjöf eða taka fjárfestingarákvarðanir fyrir þína hönd nýtur þú mestrar mögulegrar verndar.

MiFID gerir þrjár meginkröfur til fjármálafyrirtækja sem veita fjárfestingarþjónustu:

- Að þau komi fram af **heiðarleika, sanngirni og fagmennsku** í samræmi við það markmið að þjóna hagsmunum fjárfestisins sem best. Þessi meginregla veitir fjárfestum vernd í viðskiptum við fjármálafyrirtæki sem eru í sterkari stöðu sem fagaðilar.
- Að þau veiti fjárfestum viðeigandi og ítarlegar upplýsingar sem eru sanngjarnar, skýrar og ekki villandi. Þetta auðveldar þér að öðlast skilning á afurðum og þjónustu svo þú getir tekið upplýstar fjárfestingarákvarðanir. Einnig á þessi regla að tryggja að upplýsingar sem fyrirtækið veitir þér séu hvorki hlutdrægar né ruglandi.
- Að þau veiti fjárfestum þjónustu sem miðast við sértækar aðstæður þeirra. Þessu er ætlað að tryggja að fjárfestingar séu í samræmi við þarfir og óskir viðkomandi fjárfestis.

Eftirfarandi umfjöllun er í grundvallaratriðum í réttri tímaröð og endurspeglar þannig fjárfestingarferlið og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Ofangreindar meginkröfur gilda um öll stig ferlisins.

## Mismunandi stig fjárfestingarferlisins



# Fyrsti hluti: Áður en fjárfesting fer fram

## 1.1 Hvers konar fjárfestir ert þú?

Áður en fjármálafyrirtæki veitir þér fjárfestingar-ráðgjöf ber því að flokka þig sem annað hvort almennan fjárfesti eða fagfjárfesti. Flestir fjárfestar eru almennir fjárfestar, enda fellur mikill meirihluti einstaklinga undir þann flokk.

**Almennir fjárfestar njóta mestrar mögulegrar verndar.** Samkvæmt MiFID-tilskipuninni njóta þeir fjárfestar sem hafa tiltölulega litla kunnáttu og reynslu af fjárfestingum (almennir fjárfestar) meiri verndar en þeir sem hafa meiri slíka kunnáttu og reynslu (fagfjárfestar). Sem dæmi um fagfjárfesta má nefna banka, stjórnvöld, lífeyrissjóði, stærri fyrirtæki og í undantekningartilvikum einstaklinga.



**Hvað ef þú vilt verða fagfjárfestir? Hvað ef fyrirtæki biður þig um að verða fagfjárfestir? Hverjar eru afleiðingarnar?**

Sé viðskiptavinur flokkaður sem almennur fjárfestir getur hann í afmörkuðum tilvikum óskað eftir því að verða fagfjárfestir. Þessi kostur getur hentað þér

þar sem hann veitir aðgang að afurðum sem ekki eru aðgengilegar almennum fjárfestum, eða ef þú vilt verða viðskiptavinur fyrirtækis sem veitir almennum fjárfestum ekki þjónustu.

Viljir þú verða fagfjárfestir þarft þú að vera viss um getu þína til að taka eigin fjárfestingar-ákvarðanir og meta áhættuna sem þeim fylgir og að þú þurfir ekki mikla fjárfestavernd.

**Gerist þú fagfjárfestir missir þú vissa vernd sem krafist er að lögum til handa almennum fjárfestum.** Fjármálafyrirtæki útskýra nánar fyrir viðskiptavininum sínum hvað í þessu felst. Til dæmis færðu þá minni upplýsingar og færri tilkynningar og viðvaranir um ýmis atriði.

Áður en fjármálafyrirtækið flokkar þig sem fagfjárfesti þarf það fyrst að meta hvort sú flokkun hæfi þér. Tilgangurinn með slíku mati er sá að ganga úr skugga um að þú sért fær um að taka eigin fjárfestingarákvarðanir og hafir nægilegan skilning á áhættunni sem þeim getur fylgt.

Til að verða fagfjárfestir þarft þú uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

- Að hafa átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum á næstliðnu ári;
- Að verðbréfaeign þín sé mikil;
- Að hafa starfað á fjármálamarkaði.



## 1.2 Hvaða þjónustu færðu?

Sú fjárfestingarþjónusta sem fjármálafyrirtæki veitir þér er líkleg til að vera af einni eða fleiri af eftirfarandi tegundum:

- Persónulegar ráðleggingar um fjárfestingar, afurðir og valkosti (fjárfestingarráðgjöf);
- Þú kaupir og selur fjármálaafurðir án fjárfestingarráðgjafar;
- Fyrirtækið stýrir fjárfestingum þínum fyrir þína hönd (eignastýring).

Þessi kafli fjallar um þá þjónustu sem fjármálafyrirtæki kunna að veita þér og ferlin sem þau beita til að veita þér hæfilega vernd.

### Fjárfestingarráðgjöf

Þegar þú færð faglega fjárfestingarráðgjöf reidir þú þig meira á fyrirtækið sem veitir þjónustuna en í öðrum kringumstæðum, svo sem í einföldum viðskiptum án ráðgjafar. Því þarftu að hafa einhverja vissu fyrir því að fyrirtækið skilji þarfir þínar og kringumstæður svo það mæli með réttum afurðum. MiFID-tilskipunin mælir fyrir um að fjármálafyrirtæki framkvæmi mat á hæfi viðskiptavinar, þ.e. spyrji þig spurninga til að ákvarða hvers kyns fjárfestingar hæfa þér.

**Mat á hæfi þínu sem viðskiptavinar er líklegt til að felast að hluta í spurningum um eftirfarandi:**

#### • Fjárfestingarmarkmið þín

Hér er gjarnan spurt um t.d. hve lengi þú hyggst binda fé þitt, áhættusækni þína og áhættustöðu, hvort þú hyggist fjárfesta til að afla þér viðvarandi tekna eða ávöxtunar til lengri tíma litið, verja höfuðstól og þannig draga úr áhættu eða taka mikla áhættu.

#### • Fjárhagsstöðu þína

Spurt er um þætti á borð við uppruna og fjárhæðir reglulegra tekna þinna, eignir þínar, fasteignir, skuldir og aðrar fjárhagslegar skuldbindingar.

#### • Þekkingu þína og reynslu

Slíkar spurningar geta snúið að þekkingu og reynslu þinni af tilteknum tegundum af þjónustu og afurðum, eðli, umfangi og tíðni fyrri viðskipta þinna, menntun þinni, starfi og fyrri störfum.

Láti fjármálafyrirtækið hjá líða eða er ókleift að afla nauðsynlegra upplýsinga til meta hæfi viðskiptavinar er því ekki unnt að veita fjárfestingarráðgjöf. Veitir þú aðeins takmarkaðar upplýsingar hefur það áhrif á eðli þeirrar þjónustu sem fjármálafyrirtækinu er heimilt að veita þér.



## Viðskipti með afurðir án fjárfestingarráðgjafar

### (a) Mat á tilhlýðileika þjónustu

Eins og fram kemur hér á undan er fjármálafyrirtæki sem veitir þér fjárfestingarráðgjöf skylt að tryggja að ráðgjöfin hæfi þér.

Þegar hvorki er um að ræða fjárfestingarráðgjöf né eignastýringu er almennt gert ráð fyrir því að þú takir meiri ábyrgð á ákvörðunum þínum. Þegar þú vilt einfaldlega að fyrirtækið framkvæmi fyriræmi þín um kaup eða sölu gilda önnur viðmið um fjárfestavernd. Í slíkum tilfellum fer fram svonefnt mat á tilhlýðileika þjónustu.

Markmiðið með slíku mati er að vernda fjárfesta sem kunna að hafa lítinn skilning á eða eru ómeðvitaðir um hugsanlegar afleiðingar og þá áhættu sem fylgir viðskiptunum, sér í lagi þegar flóknar afurðir eiga í hlut eða fjárfestirinn á ekki frumkvæðið að viðskiptunum.

#### Sem dæmi um einfaldar afurðir (e. non-complex) má nefna:

- Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði;
- Peningamarkaðsskjöl;
- Ýmsar tegundir skuldabréfa;
- Hlutdeildarskírteini í tilteknum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

#### Sem dæmi um flóknar afurðir (e. complex) má nefna:

- Valréttarsamninga, framtíðarsamninga, skiptasamninga og aðrar afleiður;
- Samninga um fjárhagslegan mismun;
- Breytanleg skuldabréf;
- Áskriftarréttindi.

Mat á tilhlýðileika þjónustu felur gjarnan í sér spurningar um þekkingu á og reynslu af fjárfestingum.

- Komist fyrirtækið að þeirri niðurstöðu að þú hafir nauðsynlega þekkingu og reynslu til að skilja áhættuna sem um ræðir kann að vera að það framkvæmi einfaldlega viðskiptin.

- Komist fyrirtækið hins vegar að þeirri niðurstöðu að þig skorti nauðsynlega þekkingu og reynslu eða hafir ekki veitt nægilegar upplýsingar til að unnt sé að leggja mat á tilhlýðileika þjónustunnar gefur það þér viðvörðun um að það telji viðskiptin ekki tilhlýðileg eða að upplýsingar skorti til að skera úr um hvort þau séu það. Ákveðir þú samt sem áður að láta framkvæma viðskiptin tekur þú ábyrgð á áhættunni sem því fylgir.

### (b) Viðskipti með einfaldar fjármálaafurðir þar sem fjármálafyrirtækið sér aðeins um framkvæmd þeirra.

Fyrir vissar tegundir viðskipta án ráðgjafar er ekki krafist mats á tilhlýðileika þjónustu. Í slíkum tilvikum sér fjármálafyrirtækið aðeins um framkvæmd viðskiptanna. Mat á tilhlýðileika þjónustu á ekki við í eftirfarandi tilvikum:

- Afurðin telst ekki flókin samkvæmt MiFID; og
- Þú velur að fyrra bragði að hafa samband við fyrirtækið vegna viðskiptanna. Þetta merkir að viðskiptin fari ekki fram að frumkvæði fyrirtækisins í formi ráðgjafar um tiltekna afurð eða þjónustu (t.d. í vissum kringumstæðum þegar þú kaupir hlutabréf á netinu).

#### Þér er þá gert viðvart um að fyrirtækið leggi ekki mat á viðskiptin fyrir þína hönd.


Í slíkum tilvikum þarft þú ekki að svara neinum spurningum um þekkingu þína eða reynslu af fjárfestingum, fjárhagsstöðu eða fjárfestingarmarkmið. Fyrirtækið kann þó auðvitað að spyrja þig spurninga í öðrum tilgangi, sér í lagi ef þú ert nýr viðskiptavinur.



## Eignastýring

Þegar fjármálafyrirtæki stýrir fjárfestingum fyrir þína hönd reidir þú þig á ákvarðanir og val fyrirtækisins. Vegna þess að fyrirtækið hefur ekki samband við þig í hvert skipti sem það ræðst í fjárfestingar fyrir þig þarf það að hafa nægilegar upplýsingar frá upphafi til að geta veitt þér viðeigandi þjónustu. Í þeim tilgangi framkvæmir fyrirtækið mat á hæfi viðskiptavinar á sama hátt og getið var um að ofan varðandi fjárfestingarráðgjöf. Veitir þú fyrirtækinu ekki viðunandi upplýsingar er því ekki unnt að veita þér þjónustu á sviði eignastýringar. Ef þú veitir aðeins takmarkaðar upplýsingar hefur það áhrif á eðli þeirrar þjónustu sem fyrirtækinu er heimilt að veita þér.

### Yfirlétt leitar þú til fjármálafyrirtækis af einni af eftirfarandi ástæðum:





## 1.3 Hvaða upplýsingar færðu áður en fjárfesting fer fram?

Allar upplýsingar sem fjármálafyrirtæki veitir þér í viðskiptasambandi skulu vera „sanngjarnar, skýrar og ekki villandi“. Þessi grundvallarregla gildir jafnt um upplýsingarnar sjálfar og með hvaða hætti þær eru veittar.

Fyrirtækinu ber að sjá þér fyrir viðeigandi upplýsingum tímanlega áður en þú ræðst í fjárfestingu svo þú getir tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun. Þær tegundir upplýsinga sem fyrirtækið veitir þér áður en fjárfesting fer fram eru eftirfarandi:

### Kynningarefni

Hvort sem þú ert viðskiptavinur fyrirtækisins eða ekki kannt þú að fá auglýsingar og annað kynningarefni sem það gefur út. Allar auglýsingar og annað markaðsefni verður að vera þannig úr garði gert að greinilega sé um kynningarefni að ræða.

### Samningar

Sért þú nýr almennur fjárfestir sem fyrirtæki tekur að sér að veita fjárfestingarþjónustu aðra en fjárfestingarráðgjöf er þess farið á leit við þig að þú gangir að skriflegum samningi sem kveður á um helstu réttindi og skyldur þínar og fyrirtækisins.

### Upplýsingar um fyrirtækið

Fyrirtækinu er skylt að veita þér almennar upplýsingar um sig, þ. á m. hvaða aðili sinnir eftirliti með starfsemi þess og hvaða þjónustu það veitir, til að auðvelda þér að skilja eðli þjónustunnar í boði og áhættuna sem henni fylgir.

### Upplýsingar um eignastýringu

Hafir þú beðið fjármálafyrirtæki um að stýra fjárfestingum fyrir þína hönd færðu upplýsingar þar að lútandi, t.d. lýsingu á fjárfestingarmarkmiðum og áhættustigi, um hvaða afurðir eða viðskipti geta tengst eignasafni þínu og á hvaða hátt og hve oft virði fjárfestinga þinna er metið.

### Upplýsingar um fjármálaafurðir

Þú færð upplýsingar um eðli, áhættuþætti og kostnað af fjármálaafurðum, þ. á m. lýsingu á áhættuþáttum og umfjöllun um hvort virði afurðanna getur sveiflast. Magn upplýsinganna fer eftir tegund afurðarinnar, hversu flókin hún er og áhættustigi hennar.

### Upplýsingar um kostnað og gjöld

Þú færð upplýsingar um beinan og óbeinan kostnað og gjöld vegna þjónustu eða afurðar, þ. á m. hvers kyns þóknunar. Þetta ætti að veita þér skýra yfirsýn yfir heildarkostnaðinn. Þó liggur nákvæmur heildarkostnaður ekki alltaf fyrir þegar upplýsingarnar berast þér. Í slíkum tilfellum ættir þú þess í stað að fá nægar upplýsingar um hvernig kostnaðurinn er reiknaður út svo þú getir staðfest heildarverðið þegar það liggur fyrir.

Áður en þú ræðst í fjárfestingu er ráðlegt að þú sért fullviss um með hvaða hætti þú getur borið fram kvörtun um fyrirtækið eða krafist úrbóta og hvaða tryggingakerfi fyrir fjárfesta gildir um fyrirtækið. Fyrirtækið ætti að veita þér þessar upplýsingar.



## Annar hluti: Á meðan og eftir að fjárfesting fer fram

### 2.1 Hvað gerist þegar þú gefur fyrirtæki fyrirmæli?

#### Hvernig eru fyrirmæli þín afgreidd?

Þegar þú gefur fyrirtæki fyrirmæli um að kaupa eða selja fjármálaafurð ber því að framkvæma þau skjótt, í réttri röð (þeirri röð sem þau bárust) og tímanlega. Sé verulegum vandkvæðum bundið fyrir fyrirtækið að afgreiða fyrirmæli þín í réttri röð er því skylt að láta þig vita.

#### Hvað er besta framkvæmd?

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla skal fjármála-fyrirtæki leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir fjárfestinn. Þetta er nefnt „besta framkvæmd“.

Fyrirtækið velur „viðskiptastað“ sem gerir því kleift að ná fram bestu framkvæmd. Sem dæmi um viðskiptastaði má nefna kauphallir, viðskiptakerfi, önnur fyrirtæki og fyrirtækið sjálft.

Fyrirtækið getur náð fram bestu framkvæmd með því að taka mið af ýmsum þáttum, s.s. verði, kostnaði framkvæmdar, hraða og líkum á að af viðskiptunum verði.

Mikilvægustu kostnaðarþættirnir eru verð og heildarkostnaður (þ.e. heildarendurgjaldið sem þú greiðir fyrir viðskipti, þ. á m. verð, allur kostnaður, gjöld til viðskiptastadarins, gjöld fyrir greiðslumiðlun og uppgjör og hvers kyns önnur gjöld til þriðju aðila sem koma að framkvæmd viðskiptanna).

### 2.2 Hvaða upplýsingar færðu á meðan og eftir að fjárfesting fer fram?

#### Hvaða upplýsingum geturðu búist við frá fyrirtækjum sem framkvæma fyrirmæli þín?

Þú færð upplýsingar um með hvaða hætti fyrirtækið leitast við að tryggja bestu framkvæmd, þ. á m.:

- Hvernig það ákveður hvaða þættir eru mikilvægastir varðandi bestu framkvæmd;
- Hvaða viðskiptastaði fyrirtækið reidir sig á;
- Viðvörðun um að ef þú gefur fyrirtækinu fyrirmæli um að framkvæma viðskipti á tiltekinn hátt hafa þau fyrirmæli forgang og fyrirtækinu verður ókleift að fylgja eigin ferli og verklagi í þeim tilgangi að ná fram bestu framkvæmd fyrir þína hönd – það mun einfaldlega fylgja þínum fyrirmælum. Gefir þú fyrirtækinu t.d. fyrirmæli um að framkvæma viðskiptin á tilteknum markaði kannt þú að verða af hagstæðara verði annars staðar.

#### Hvaða skýrslur færðu?

Eftir að þú kaupir eða selur fjármálaafurð sendir fyrirtækið þér staðfestingu á viðskiptunum með helstu upplýsingum á borð við nafn afurðarinnar, verð, dagsetningu og tíma og heildarfjárhæð þóknana og gjalda til greiðslu.

Fyrirtæki sem stýrir fjárfestingum fyrir þína hönd ber að senda þér reglulegar skýrslur með upplýsingum á borð við í hverju hefur verið fjárfest og virði fjárfestinganna, heildarfjárhæð þóknana og gjalda og ávöxtun fjárfestinganna á skýrslutímabilinu,

Ráðlegt er að geyma eintök af öllum slíkum skjölum sem þér berast.



## Priðji hluti: Viðvarandi kröfur

MiFID-tilskipunin gerir vissar kröfur um hvernig fjármálafyrirtæki háttá starfsemi sinni öllum stundum. Sumar þessar kröfur varða þjónustu við fjárfesta sérstaklega.

### 3.1 Hagsmunaárekstrar

Fjármálafyrirtækjum sem veita þér þjónustu ber að hafa hagsmuni þína sem fjárfestis og viðskiptavinar að leiðarljósi. Í því augnamiði er þeim skylt að beita skilvirkum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni þína. Fyrirtækjunum er þannig skylt að koma í veg fyrir að hagsmunir annarra viðskiptavina sinna eða eigin hagsmunir gangi fyrir þínum hagsmunum þegar það veitir þér þjónustu.

Sem dæmi um slíkan hagsmunaárekstur má nefna tilvik þar sem fyrirtækið er líklegt til að njóta fjárhagslegs ávinnings eða koma sér hjá tapi á þinn kostnað eða þar sem því væri hagur af því að láta hagsmuni annars viðskiptavinar ganga fyrir þínum.

Fyrirtækið upplýsir þig um helstu ráðstafanir sínar til að greina og hafa stjórn á hagsmunaárekstrum.

Þegar ráðstafanir fyrirtækisins nægja ekki til að hafa fullnægjandi stjórn á hagsmunaárekstri ber því að gera þér viðvart með skýrum hætti um eðli og tildrög hans áður en það gengur til viðskipta við þig.

### 3.2 Vernd á fjármunum þínum og peningum

Þegar þú setur fjármuni eða peninga í vörslu fjármálafyrirtækis ber því skylda til að standa vörð um eignarrétt þinn með ráðstöfunum sem tryggja að fyrirtækið:

- Haldi fjármunum þínum aðskildum frá eignum og peningum bæði fyrirtækisins sjálfs og annarra viðskiptavina þess;
- Haldi nákvæmar skrár og reikninga sem það afstemmir reglulega;

- Sendi þér yfirlit minnst árlega með upplýsingum um þær eignir og peninga sem fyrirtækið hefur í sinni vörslu fyrir þína hönd.

### 3.3 Kvartanir viðskiptavina

Fjármálafyrirtækjum ber að koma sér upp skilvirku verklagi fyrir meðferð kvartana frá viðskiptavinum. Þeim er og skylt að halda skrá yfir kvartanir sem þeim berast, þ. á m. þær úrlausnir sem þau hafa gripið til í því samhengi.

## Að lokum

Tilgangurinn með upplýsingariti þessu er að vekja athygli neytenda á veigamestu breytingum af völdum MiFID-tilskipunarinnar er þá varða. Öllum þeim breytingum sem hér að framan eru taldar er ætlað að bæta fjárfestavernd.

**Vert er hafa í huga þær meginkröfur sem fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla þegar þær veita fjárfestum þjónustu:**

- Að þau komi fram af **heiðarleika, sanngirni og fagmennsku** í samræmi við það markmið að þjóna sem best **hagsmunum fjárfestisins**.
- Að veita fjárfestinum viðeigandi og ítarlegar upplýsingar sem eru **sanngjarnar, skýrar og ekki villandi**.
- Að veita fjárfestinum þjónustu sem **miðast við sértækar aðstæður hans**.



Tilv. CESR/08-003

Upplýsingarit þetta veitir stutt yfirlit en ekki fulla lýsingu á réttindum þínum skv. MiFID-tilskipuninni. Því er einungis ætlað að vera lýsandi og felur ekki í sér lögfræðilega ráðgjöf. Lagatexta varðandi MiFID er að finna á vefslóðinni [http://ec.europa.eu/internal\\_market/securities/isd/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/internal_market/securities/isd/index_en.htm)

CESR er sjálfstæð samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (Committee of European Securities Regulators) og tók þátt í undirbúningi MiFID lagatextanna. Eitt meginmarkmiða CESR er að stuðla að samvinnu milli aðildarstofnanna nefndarinnar á meginstarfssviðum þeirra, sem fela m.a. í sér að vekja athygli almennings á málefnum er varða fjármálaþjónustu og upplýsa fjárfesta.

Rit þetta samdi starfshópurinn MiFID Level 3 Expert Group undir forystu Jean-Paul Servais, nefndarformanns hjá belgíska fjármálaeftirlitinu, CBFA, ásamt sérstökum undirhópi um milligönguaðila undir forystu Mariu Jose Gomez Yubero, yfirmanni hjá spænska fjármálaeftirlitinu, CNMV. Nánari upplýsingar í tengslum við rit þetta eða starfsemi CESR hvað varðar milligönguaðila veitir Diego Escanero hjá [descanero@cesr.eu](mailto:descanero@cesr.eu).

Ný vefsíða er í smíðum sem mun veita neytendum meiri upplýsingar en núverandi síða um starfsemi CESR. Á nýju vefsíðunni, sem ráðgert er að tekin verði í notkun á seinni ársþingi 2008, verða sérstakar upplýsingasíður fyrir fjárfesta. Veffang CESR verður áfram hið sama: [www.cesr.eu](http://www.cesr.eu). Þar til nýja vefsíðan verður tekin í notkun má beina fyrirspurnum til Victoriu Powell með því að senda tölvupóst á [vpowell@cesr.eu](mailto:vpowell@cesr.eu).

